Fundargerð 471. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 19. nóvember 2025 kl. 13:00 á Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í atvinnuvegaráðuneytinu (ATRN), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í ATRN, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ. Axel Sæland nefndarmaður og formaður deildar garðyrkjubænda innan BÍ og Rafn Bergsson**,** nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, boðuðu forföll en í stað Rafns var Sigurbjörg Ottesen varaformaður deildar nautgripabænda innan BÍ.

Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi ATRN.

Þetta var gert:

1. **Fundargerð síðasta fundar.**
   Fundargerð 470 hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef atvinnuvegaráðuneytisins.

2. **Erindi frá SAM; Leiðrétting ríkisstuðla til umreiknings við mat á stærð innanlandsmarkaðar og annarri raðstöfun mjólkur.**
   Lagt er til að leiðrétta heildarlista ríkisstuðla mjólkurvara vegna gildandi framleiðslustýringar í mjólk svo hægt sé að ákvarða fitu- og próteinhlutfall í einstökum framleiðsluvörum og reikna þar með út ráðstöfun mjólkur sem safnað er frá bændum.
   Tillaga samþykkt samhljóða

3. **Erindi frá SAM; Tillaga að greiðslumarki mjólkur 2026.**
   Lagt er til að greiðslumark mjólkur 2026. Tillaga SAM er að það verði 153 milljónir lítra sem er hækkun um eina milljón lítra frá yfirstandandi ári. (0,66%)
   Tillaga samþykkt samhljóða og verður send ráðherra til afgreiðslu.

4. Samþykkt var í rafrænni afgreiðslu 12. ágúst sl., að innalandsvog dilkakjöts 2026 verði 6.120 tonn og kjöts af fullorðnu fé 1.025 tonn.

   Fleira ekki tekið fyrir og fundi lokið 13.10.